

Aðalfundur Myndstefs 27. maí 2025

Fundur hófst kl 16:40.

Framkvæmdastjóri Myndstefs, Vera Sveinbjörnsdóttir, bauð gesti velkomna á fundinn. Að því loknu voru tekin fyrir mál á dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Framkvæmdastjóri lagði til að Logi Bjarnason, varaformaður Myndstefs, yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Lísía Björg Attensperger var kosin fundarritari.

2. Stjórnarformaður flytur skýrslu stjórnar.

Stjórnarformaður Myndstefs, Guðrún Erla Geirsdóttir, flutti skýrslu stjórnar Myndstefs þar sem hún stiklaði á stóru um helstu málefni og starfsemi stjórnar á árinu. Tímamót voru þegar samtökin fluttu í nýtt húsnæði í Hafnarstræti 5 í maí.

Sagt var frá því að lögfræðingur Myndstefs lét af störfum 2024 og hefur framkvæmdastjóri sinnt starfi lögfræðings ofan á sitt starf.

Unnið er að nýju tölvukerfi sem mun marka tímamót fyrir samtökin

Greint var frá því í skýrslu stjórnar að afkoma ársins var mjög góð. Innkoma var yfir 97 millj.kr., höfundarréttartekjur voru 70 millj.kr og fylgiráttgjöld 17 millj.kr. Þá fékk Myndstef 3 millj.kr. frá Menningar- og viðskiptaráðuneyti til þess að vinna kynningarefni og samningum um höfundarrétt. Rekstrargjöld voru samtals 32 millj.kr. en hæstu útgjöld voru launatengdur kostnaður og nefndargreiðslur. Greiðslur úr höfundasjóði Myndstefs námu um 30 millj. kr. og greiðslur vegna fylgiréttar 10 millj.kr.

Skýrsla stjórnar, auk ársreiknings og gagnsæisskýrslu verða birt á vefsíðu Myndstefs að fundi loknum.

3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til afgreiðslu.

Framkvæmdastjóri lagði fram og fór yfir endurskoðaðan ársreikning vegna ársins 2024 og lykiltölur. Ársreikningur var samþykktur af endurskoðanda án fyrirvara. Launakostnaður samtakanna lækkaði á árinu vegna áður nefndrar fækkunar á starfsfólki. Framkvæmdastjóri fór yfir styrkveitingar á árinu, annars vegar vegna verkefnastyrkja og hins vegar menntunar- og ferðastyrkja. Aðgreint er í ársreikningi innkoma og útgjöld sem tilheyra fylgiráttgjöldum og höfundarréttargjöldum, auk þess sem skilgreind eru ógreidd gjöld í lok árs.

Framkvæmdastjóri minnti á að Myndstef er umsýslustofnun og ber að fara að lögum um sameiginlega umsýslu höfundarréttar, sem þýðir m.a. að samkvæmt lögum er samtökunum skylt að greiða út tekjur í síðasta lagi 9 mánuðum eftir að bókhaldsárinu lýkur, nema sérstök sjónarmið eigi við.

Fundarstjóri bar ársreikning undir fundinn til samþykktar. Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tilnefningar stjórnarmanna

Framkvæmdastjóri kynnti breytingar á samþykktum félagsins sem tóku gildi sl. áramót, um tilnefningu stjórnarmanna en samkvæmt henni kemur ekki að kosningu nýs aðila í stjórn fyrr en á næsta ári. Þá kom það í hlut Ljósmyndamiðstöðvar að tilnefna einstakling í stjórn þetta árið og var það Sveinn Speight ljósmyndari, en hann tók við af Guðmundi Skúla Viðarssyni.

5. Samþykki stjórnarlauna.

Formaður stjórnar kynnti tillögu um breytingu á launum formanns, og í stað þess að mánaðarleg laun formanns verði 100.000 miðist þau við 10% starfshlutfall sbr. launatölu framkvæmdastjóra. Að öðru leyti haldast stjórnarlaun óbreytt.

Tillagan var lögð fyrir fundinn til samþykktar og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

6. Stefnur skv. umsýslulögum

Framkvæmdastjóri lagði fram stefnur Myndstefs sem haldast nær óbreyttar, en þær eru:

1. Almenna stefnu um úthlutun réttindagreiðslna til rétthafa.
2. Almenna stefnu um notkun óráðstafanlegra fjárhæða.
3. Almenna fjárfestingarstefnu með tilliti til réttindatekna og arðs af fjárfestingu þeirra.
4. Almenna stefnu um frádrátt frá réttindatekjum og arðs af fjárfestingu þeirra.
5. Notkun óráðstafanlegra fjárhæða.
6. Áhættustýringarstefnu.
7. Samþykki fyrir hvers konar kaupum, sölu eða tryggingarrétti fastafjármuna.
8. Samþykki um samruna og bandalög, stofnun dótturfélaga og kaup á öðrum einingum eða hlutum eða réttindum í öðrum einingum.
9. Samþykki fyrir lántöku, lánveitingum eða útgáfu lánatrygginga.

Stefnurnar voru bornar undir fundinn til samþykktar og voru þær samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

7. Tilnefning og uppsögn löggilts endurskoðanda

Framkvæmdastjóri óskaði eftir umboði fundarins til þess að afla tilboði í nýjan endurskoðanda og var það samþykkt samhljóða.

8. Samþykki árlegrar gagnsæisskýrslu.

Framkvæmdastjóri kynnti gagnsæisskýrslu Myndstefs, sem gefin er nú út í þriðja sinn. Skýrslan gegnir hlutverki uppflettirits en samkvæmt lögum skal sýna fram á gagnsæi í umsýslukostnaði

með vísan í ársreikning. Skýrslan verður gerð aðgengileg á vefsíðu Myndstefs að fundi loknum.

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir umsýslukostnað samtakanna, og hvernig reynt er að sýna sem skýrast í gagnsæisskýrslu hvernig staðið er að frádrætti vegna umsýslukostnaðar og vegna félagslegar og menningarlegrar þjónustu, út frá umsýslulögum.

Lagt er upp með með greiðslu til höfunda á komandi ári eða um 40 milljónir. Þar af munu 5 milljónir fara í ferða- og menntunarstyrki og 35 milljónir í verkefnastyrki.

Fundarstjóri bar skýrsluna undir fundinn til samþykktar. Skýrslan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Framkvæmdastjóri upplýsti um hagsmunaskrá stjórnenda. Ekki eru til staðar neinir hagsmunaárekstrar.

9. Tillaga stjórnar um nafnabreytingu á félaginu.

Formaður stjórnar kynnti tillögu stjórnar um að heiti samtakanna yrði breytt úr Myndhöfundasjóður Íslands, í **“Myndstef – Myndhöfundasamtök Íslands”**.

Breytingin eigi að höfða til samkenndar og samfélags myndhöfunda. Nokkrar umræður sköpuðust um kostnað við breytinguna og lýst yfir áhyggjum á framkvæmd breytingar, enda hafi það í för með sér ýmis verkefni, til að mynda breytingu á lógó samtakanna, vefsíðu, skjölum o.fl.

Tillagan var lögð fyrir fundinn til samþykktar og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

10. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri kynnti áform um hækkun á verðskrá Myndstefs samkvæmt vísitölubreytingum. Gerð verði könnun um afstöðu myndhöfunda til verðskrár. Áformað er um stofnun starfshóps til að yfirfara verðskrá samtakanna.

Framkvæmdastjóri sagði stuttlega frá því að samhliða nýju tölukerfi verður unnið að mínum síðum fyrir meðlimi Myndstefs, “Mitt Myndstef”. Formaður stjórnar kynnti einnig áform um stofnun starfshóps um gerð upprunavottorðs í samstarfi við önnur samtök. Fundurinn var samþykkur því að unnið verði að stofnun þessa starfshóps.

Ekki voru tekin fyrir önnur mál.

Fundi slitið kl 17:46.